



Forvarnaráætlun Hvolsskóla

Hvolsskóli starfar undir merkjum Uppeldisstefnunnar og ART. Rík áhersla er á að byggja upp öfluga einstaklinga með sterka sjálfsmynd og góða samskiptafærni.

Mikilvægur þáttur á hverju hausti er því að ræða einkunnarorð skólans en þau eru: Gleði, virðing og vinátta. Einnig þarf að setja saman bekkjarsáttmála í hverjum bekk fyrir sig, fara yfir skólareglurnar og gera tengslakannanir. Í gegnum ART er kennd sjálfstjórn, félagsfærni og siðfræði á kerfisbundinn hátt í öllum bekkjum.

Það er stefna Hvolsskóla að fá árlega einn fyrirlesara, í samstarfi við foreldrafélagið, til að ræða við nemendur um hin ýmsu málefni, svo sem samskipti, netnotkun eða kynheilbrigði.

Áætlunin sem sett er upp er ekki tæmandi en til þess ætluð að umsjónarkennari í hverjum bekk fyrir sig setji nánari útfærslu niður að hausti en að auki eru það málefni sem efst eru á baugi hverju sinni sem kæmu til umræðu og verkefnavinnu í bekkjunum.